

# Richard Wagner félagið á Íslandi

Vesturgötu 36B-101 Reykjavík-sími 5517292-fax 5516592

\*\*\*\*\*

Fréttabréf nóvember 2000

\*\*\*\*\*

## Myndbandssýningar á Hótel Holti 19. nóv. og 5. des.

Sunnudaginn 19. nóvember kl. 14 verður sýnt í Þingholti, Hótel Holti myndbandið: Winifred Wagner og saga Villa Wahnfried frá 1914-1975. Þessi umdeilda mynd var tekin upp árið 1975 af Hans Jürgen Syberberg og olli miklu fjaðrafoki á sínum tíma. Hún byggir á viðtölum við tengdadóttur Richards Wagner, hina breskættuðu Winifred. Myndin er á mjög skýrri þýsku en án þýðingartexta. Hún er um 5 tímar á lengd og verður sýnd í tvennu lagi, seinni hlutinn þriðjudaginn 5. desember kl. 20. Mætið vel og takið gjarnan með ykkur gesti. Aðgangur ókeypis. Veitingar seldar.

## Wagner og Völsungar.

Á afmælishátíð félagsins á Hótel Holti 4. nóvember var Birni Bjarnasyni menntamálaráðherra afhent fyrsta eintak bókarinnar Wagner og Völsungar eftir dr. Árna Björnsson og honum þakkaður sá stuðningur við rannsóknir og skrif Árna, sem gerðu bók þessa að veruleika. Bókin sjálf er gullfalleg, rúmlega 200 síður með miklu myndefni, sem Árni Tómas Ragnarsson hefur verið ritstjóri fyrir auk þess að koma mjög að allri hönnun bókarinnar. Bókin er tileinkuð minningu Jóhannesar Jónassonar. Útgáfa hennar merkur áfangi í stuttri sögu félagsins, sem hefur haft það sem aðalmarkmið að stuðla að rannsóknum á mikilvægi íslenskrar bókmenntaarfleifðar fyrir Richard Wagner og gerð Niflungahringins. Bókin er gefin út af Máli og menningu og kostar kr. 4.290 kr.

## Heimasíða - félagatal.

Unnið er nú að gerð heimasíðu um efni sem tengist markmiðum félagsins og áhugamálum og er stefnt að því að hún verði opnuð í desember n.k., en þann 12. des. eru nákvæmlega finn ár frá stofnun félagsins. Sér í lagi verður lögð áhersla á íslenskar heimildir og íslenska umfjöllun um Wagner og verk hans, en einnig bent á erlent efni sem áhugavert þykir, svo og tengingar við skyldar síður á Internetinu. Félagar eru hvattir til að senda umsjónarmönnum efni eða ábendingar um efni sem ætla má að þyki áhugavert. Sérstaklega er óskað eftir íslensku efni, upptökum og fræðsluefni sem ekki hafa verið áberandi, ábendingum og umsögnum um flutning sem félagsmenn hafa séð eða vilja vekja athygli á. Umsjónarmenn heimasíðu eru: Halldór Halldórsson : halldor@ru.is, Árni Tómas Ragnarsson : arni@tv.is og Jón Ragnar Höskuldsson : jon.ragnar@centrum.is. Einnig er hægt að senda efni til formanns félagsins, Selmu Guðmundsdóttur að Vesturgötu 36b, 101 Reykjavík. Gretar Ívarsson hefur í tilefni af afmæli félagsins hannað félagatalið sem hér fylgir.

## Styrkþegi til Bayreuth 2001

Félagið mun halda áfram að senda styrkþega á Bayreuthhátíðina líkt og þrjú undanfarin ár. Óskað er eftir ábendingum um styrkþega frá félagsmönnum, helst fyrir 1. desember. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð hjá formanni. Endanlegt val styrkþega fer fram hjá Stipendienstiftung í Þýskalandi. Einkum er ætlast til að styrkþegi sé úr hópi yngri söngvara, tónlistar- eða leiksviðslistamanna. Styrkþeginn fær endurgjaldslaut í sinn hlut aðgöngumiða að 3 sýningum í Festspielhaus auk ýmissar annarar fyrirgreiðslu:

## Útstríkanir af félagaskrá.

Í desember verða þeir félagar sem ekki hafa greitt félagsgjöld í tvö ár teknir af póstlista félagsins. Hafið samband við Jón Ragnar gjaldkera í síma 5624051 ef giróseðlar hafa týnst.

Athygli skal vakin á Sinfóníutónleikum 23. nóvember með tveimur verkum eftir Richard Strauss og þáttum úr Ragnarökum.